



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 39/2013

Bann við afhendingu endurskinsmerkja frá Strætó bs.

I.

Málsmeðferð

Neytendastofu barst ábending vegna endurskinsmerkja frá Strætó bs. Um var að ræða kringlótt merki (7 cm) þar sem stórt gult S er á rauðum grunni á annarri hliðinni og orðið Sjáumst á hinni hliðinni á bláum grunni.

Með bréfi, dagsett þann 1. október 2013, fór Neytendastofa þess á leit við Strætó bs. að þeir létu stofnunni í té gögn sem sýndu fram á að umrætt endurskinsmerki uppfyllti þær kröfur sem gerðar eru til endurskinsmerkja í lögum, reglugerðum settum samkvæmt þeim og stöðlum. Var Strætó bs. beðið um að veita upplýsingar um það hvort varan væri CE-merkt, hvort númer viðeigandi staðals væri á merkjum eða umbúðum, hvort samræmisyfirlýsing væri með vörunni og hvort að leiðbeiningar á íslensku fylgdu með. Með nefndu bréfi benti Neytendastofa Strætó bs. einnig á að framleiðandi bæri ábyrgð á því að samræmisyfirlýsing og önnur viðeigandi tækniskjöl hefur verið gerð fyrir endurskinsmerkin í samræmi við lög og reglur sem gilda um öryggi vöru og að framleiðendum sem og dreifingaraðilum bæri að hafa slík gögn til reiðu, sbr. nánar ákvæði í reglugerð nr. 957/2006, um aðferðareiningar fyrir hin ýmsu þrep samræmismatsins og reglur um áfestingu og notkun CE-samræmismerkja sem ætlað er að nota í tilskipunum og tæknilega samhæfingu. Þá var einnig tekið fram að framleiðendum og dreifingaraðilum væri skylt að leggja fram slíkar upplýsingar að beiðni eftirlitsstjórnvalds.

Þann 11. október 2013 barst tölvubréf frá Strætó bs. þar sem þeir tjáðu Neytendastofu það að þeir væru að bíða eftir staðfestingu á því að umrædd endurskinsmerki væru í lagi samkvæmt stöðlum



og að aðrar merkingar hefðu ekki verið fyrir hendi þar sem þeir hefðu ekki haft vitneskju um að slíkar merkingar þyrftu að vera til staðar.

Þann 14. október 2013 svaraði Neytendastofa fyrrgreindum tölvupósti og ítrekaði að ef umrætt endurskinsmerki væri framleitt samkvæmt staðli þá vildi Neytendastofa fá gögn því til staðfestingar.

Þann 15. október 2013 barst annað tölvubréf frá Strætó bs. Þar tjáði Strætó bs. Neytendastofu frá því að þeim hefði borist svar frá framleiðanda endurskinsmerkisins. Í því svari kom fram að í umrædd endurskinsmerki hefði verið notað endurskinsefni sem jafnist á við 3M en hefði ekki verið tekið út og staðfest að það uppfylli EN staðla. Þá var tekið fram að merkingin hefði verið höfð þannig að það væri í raun gott endurskin af því, þ.e. ekki prentað yfir endurskinsmerkið sem hefði dregið úr endurskini þó efnið hefði verið samkvæmt staðli. Þá beindi Strætó bs. þeirri spurningu til Neytendastofu hvort ekki hefði verið réttara að hafa samband við heildsalann vegna þessa máls en ekki Strætó bs.

Þann 15. október 2013 svaraði Neytendastofa tölvubréfi Strætó bs. frá 15. október 2013, og benti Strætó bs. á það að þeir væru að dreifa merkinu og að samkvæmt merkingum vörunnar yrði ekki annað ályktað en að framleiðandi hennar væri Strætó bs., sbr. 2. málsl. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. En þar segir:

„Einnig telst framleiðandi vera sá sem merkir framleiðsluvöruna með nafni sínu, vörumerki eða öðru kennimarki eða aðili sem endurgerir vöruna.“

Auk þessa var Strætó bs. beðinn um nánari skýringar á tölvubréfi sínu frá 15. október 2013.

Þann 15. október 2013 barst tölvubréf frá Strætó bs. um að þeir hefðu verið í góðri trú um að umrætt endurskinsmerki uppfyllti þær kröfur sem endurskinsmerki eigi að bera og vísuðu því á bug að Strætó bs. hefði vísvitandi sett umrædd endurskinsmerki í umferð vitandi um falskt öryggi þeirra. Þá tók Strætó bs. fram að þeir myndu huga betur að þessum reglum og lögum í framtíðinni og að Strætó bs. hefði stöðvað alla dreifingu á umræddum endurskinsmerkjum.

Með bréfi, dagsett 22. október 2013, lagði Neytendastofa tímabundið sölubann á umrætt endurskinsmerki, með vísan til 1. málsl. 3. mgr. 20. gr. laga nr. 134/1995, og krafði Strætó bs. um gögn vegna málsins og gaf Strætó bs. fjögurra vikna frest til andsvara. Í nefndu bréfi var tekið fram að framleiðandi vöru bæri ábyrgð á því að EB-samræmisýfirlýsing og önnur viðeigandi tækniskjöl hefðu verið gerð fyrir endurskinsmerki í samræmi við lög og reglur sem gilda um öryggi vöru og reglna settra samkvæmt þeim og ber framleiðendum og dreifingaraðilum að hafa slík gögn til reiðu, sbr. nánar ákvæði í reglugerð nr. 957/2006, um aðferðareiningar fyrir hin



ýmsu þrep samræmismatsins og reglur um áfestingu og notkun CE-samræmismerkja sem ætlað er að nota í tilskipunum um tæknilega samhæfingu. CE merki er staðfesting á því að vara fullnægi öllum skilgreindum grunnkröfum í reglugerðum og samhæfðum stöðlum (sjá nánar um gerð og notkun merkisins í ákvörðun Evrópuráðsins 93/465/EBE). Var þess krafist af hálfu Neytendastofu að Strætó bs. leggið fram slíkar upplýsingar eins fljótt og verða mátti. Þá var einnig tekið fram að sanni framleiðandi eða dreifingaraðili að umræddar vörur væru í samræmi við grunnkröfur laga, reglugerð og staðla sem gilda um framleiðsluna yrði fallið frá tímabundnu banni um frekari afhendingu vörunnar.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta varðar ábendingu sem Neytendastofu barst um að endurskinsmerki frá Strætó bs. væru ómerkt og uppfylltu ekki þær kröfur sem gerðar eru til slíkra merkja.

Samkvæmt lögum nr. 62/2005, um Neytendastofu og talsmann neytenda, annast Neytendastofa framkvæmd laga um eftirlit með lögum nr. 134/1995 um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu. Stofnuninni ber m.a. að hafa eftirlit með því að vörur á markaði uppfylli hverju sinni settar reglur um öryggi, sbr. 1. mgr. 11. gr. laganna. Samkvæmt 1. málsl. 2. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 635/1999, um persónuhlífar til einkanota, fer Neytendastofa með markaðsgæslu og eftirlit á markaði með öryggi persónuhlífa til einkanota. Með opinberri markaðsgæslu skal unnið að því að persónuhlífar til einkanota á markaði uppfylli settar reglur og hafi ekki hættu í för með sér fyrir notendur, sbr. 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 635/1995.

Um eftirlit Neytendastofu segir m.a. í 11. gr. laga nr. 134/1995:

„Neytendastofa og viðeigandi eftirlitsstjórnvöld skulu hafa eftirlit með því að vörur á markaði hverju sinni uppfylli settar reglur um öryggi.

Neytendastofa og önnur eftirlitsstjórnvöld fara með opinbera markaðsgæslu í samræmi við ákvæði 14. og 15. gr. laga þessara og taka stjórnvaldsákvæðanir í samræmi við IV. og V. kafla laga þessara um málsmeðferð og réttarúræði eftirlitsstjórnvalda, svo og ákvæði sérlaga eftir því sem við getur átt.“

Nánar fer einnig um markaðseftirlit Neytendastofu eftir ákvæðum í reglugerð nr. 566/2013, um markaðseftirlit, faggildingu o.fl.

Um endurskinsmerki gilda lög nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbera markaðsgæslu, reglugerð nr. 635/1995, um persónuhlífar til einkanota, auk þess sem endurskinsmerki þurfa að



uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til þeirra í staðli ÍST EN 13356 – Endurskinsbúnaður til almenningsnota – Prófunaraðferðir og kröfur. Í lögnum, svo og reglum settum samkvæmt þeim eru einnig ítarleg ákvæði um skyldur framleiðenda, innflytjenda og dreifingaraðila, en þar segir m.a.:

Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laga nr. 134/1995 mega framleiðendur einungis markaðssetja örugga vöru. Þá segir í 2. mgr. 2. gr. sömu laga:

„Vörur, sem ætlaðar eru til sölu, leigu eða hvers kyns annarrar afhendingar í atvinnuskyni á markaði, skulu vera þannig úr garði gerðar að þær fullnægi kröfum sem vegna almannahagsmuna eru gerðar til þeirra í lögum og reglugerðum eða stöðlum um öryggi vöru og vernd heilsu og umhverfis.“

Ákvæði 1. mgr. 8. gr. laganna er svohljóðandi:

„Örugg vara merkir sérhverja vöru sem við eðlileg eða fyrirsjáanleg notkunarskilyrði, þ.m.t. endingartíma, svo og kröfur sem gerðar eru um uppsetningu, viðhald og hvernig hún skal tekin í notkun, telst vera hættulaus fyrir einstaklinga, heilsu þeirra og eignir enda fullnægi hún almennum kröfum sem gerðar eru vegna almannahagsmuna um öryggi og vernd heilsu, svo og umhverfis. Við mat á öryggi vöru skal einkum haft til hliðsjónar:

- 1. Eðli vörunnar, þ.m.t. samsetning hennar, umbúðir og samsetningarleiðbeiningar og, þar sem við á, uppsetningar- og viðhaldsleiðbeiningar.*
- 2. Áhrif vörunnar á aðrar vörur ef fyrirsjáanlegt er að hún verði notuð með öðrum vörum.*
- 3. Framsetning vörunnar, merkingar og, ef við á, varnaðarorð og leiðbeiningar um notkun og förgun auk hvers kyns ábendinga eða upplýsinga um vöruna.*
- 4. Hvort varan er gerð fyrir tiltekinn markhóp neytenda sem getur stafað sérstök hætta af vörunni, t.d. börn og eldra fólk.“*

Í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 134/1995, er nánar skilgreint hvaða vörur teljast vera öruggar í skilningi laganna en þar segir:

„Vara telst vera örugg ef hún uppfyllir skilyrði sem fram koma í íslenskum stöðlum, sem innleiða Evrópustaðla, sem tilvísun hefur verið birt í hér á landi og í Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins í samræmi við ákvæði tilskipunar um öryggi vöru.“

Þá segir og einnig í 1. mgr. 3. gr. reglugerðar nr. 635/1995 að eingöngu sé heimilt að setja á markað persónuhlífar til einkanota sem vernda eiga heilsu og tryggja öryggi notenda, án þess að stofna heilsu eða öryggi annarra í hættu þegar þær eru notaðar og þeim við haldið eins og til er ætlast.

Um hönnun, framleiðslu og gerð endurskinsmerkja gildir staðallinn ÍST 13356. Skylt er að prófa og merkja slíkar vörur með tilvísun til staðalsins og CE-merkja vöruna því til staðfestingar. Í 6. gr. reglugerðar nr. 635/1995 segir:



„Persónuhlífar til einkanota sem settar eru á markað hér á landi skulu annaðhvort vera hannaðar og framleiddar í samræmi við samhæfða evrópska staðla eða hannaðar og framleiddar í samræmi við eintak sem hefur hlotið gerðarviðurkenningu tilnefnds aðila innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Með útgáfu samræmisýfirlýsingar skal framleiðandi staðfesta að uppfylltar séu kröfur til markaðssetningar á persónuhlífum til einkanota. Hann skal hafa tiltæk tæknigögn um framleiðsluna, sé þess óskað að þau verði lögð fram.

Óheimilt er að setja á markað hér á landi persónuhlífar sem falla undir gildissvið þessarar reglugerðar nema þær séu merktar með CE-merkinu.“

2.

Vegna þess hve erfitt er fyrir neytendur að kanna gæði endurskinsmerkja, hvílir rík skylda á framleiðendum, innflytjendum, dreifingaraðilum og söluaðilum merkjanna að sjá til þess að merkin séu örugg. Endurskinsmerki sem uppfylla ekki kröfur um endurskin veita falskt öryggi og getur þar af leiðandi skapast lífshætta þar sem neytandinn telur sig vera með endurskinsmerki sem öikumenn ættu að sjá. Viðurkennd endurskinsmerki sýna einstakling sem mætir bíl með lágum ljósum í 125 metra fjarlægð en noti hann merki sem ekki er viðurkennt þá sést hann ekki fyrir en í 30 metra fjarlægð.

Í ljósi þess að ekki hefur verið sýnt fram á að nefnd vara uppfylli ofangreind skilyrði verður að telja að varan sé ekki örugg í skilningi 8. gr. laga nr. 134/1995, og reglugerðar nr. 635/1999. Telur Neytendastofa því, með vísan til 1. mgr. 20 gr. laga nr. 134/1995, sbr. og 21. gr. sömu laga, ekki hjá því komist að banna hér með alla afhendingu umræddra endurskinsmerkja.

Af þessu leiðir að fjarlægja ber öll eintök umræddra endurskinsmerkja af markaði svo tryggt sé að markaðssetning þeirra sé tafarlaust stöðvuð. Hið sama á einnig við hjá dreifingaraðilum sem þér kunnið að vera í viðskiptum við.

Neytendastofa vill leggja áherslu á að reglur um öryggi endurskinsmerkja eiga við um öll endurskinsmerki. Þá vill stofnunin sérstaklega áréttá að þó svo að bann þetta tiltaki aðeins ákveðna gerð endurskinsmerkis sem afhent er á ábyrgð Strætó bs. gildir hið sama um aðrar gerðir endurskinsmerkja með sömu ágalla.

Sölubann þetta tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar og gildir um óákveðinn tíma. Neytendastofa bendir á að samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 134/1995, varðað það dagsektum, allt að kr. 50.000 á sólarhring, ef ekki er farið að fyrirmælum stofnunarinnar.



III. Ákvörðunarorð:

„Strætó bs., að Pönglabakka 4, 109 Reykjavík, hefur ekki orðið við beiðni Neytendastofu um afhendingu nauðsynlegra gagna sem sýna fram á öryggi kringlótts endurskinsmerkis Strætó bs. (7 cm) með stóru gulu S á rauðum grunni og orðinu sjáumst á bláum grunni. Með vísan til 1. mgr. 20. gr., sbr. 21. gr., laga nr. 134/1995, um öryggi vöru og opinbert markaðseftirlit, leggur Neytendastofa leggur hér með varanlegt bann við afhendingu umræddra endurskinsmerkja. Bann þetta tekur gildi við birtingu ákvörðunarinnar.“

Neytendastofa, 4. desember 2013

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Helga Sigmundsdóttir
lögfræðingur